

# Hafnarfjörður var helsti verslunarstaður og höfn Hansakaupmanna á Íslandi



Hafnarfjarðar er ekki mikið getið í sögu fyrstu alda byggðar á Íslandi og lítið fyrr en kaupmennska hófst frá Hafnarfirði á 15. öld. Það byrjaði með því að Íslendingar tóku að flytja út fisk í miklum mæli til Evrópu en mikil þörf var fyrir hann á meginlandi Evrópu. Það átti ekki síst við á föstunni því þá mátti ekki að borða kjöt. Þannig var fiskútflutningur Íslendinga mikilvægur vegna katólskrar trúar Evrópubúa sem borðuðu helst fisk í tæpa 50 daga fyrir páska á hverju ári, þ.e. frá öskudegi til föstudagsins langa, auk almennrar fiskneyslu annan tíma ársins. Það voru Englendingar sem hófu verslun frá



Hafnarfirði árið 1413 að best er vitað. Verslunarstaðurinn í Hafnarfirði hét Fornubúðir og var á Háagranda sem er ysti tangi Hvaleyrargranda, gegnt Óseyri.




15. öldin á Íslandi er gjarnan nefnd enska öldin sökum áhrifa Englendinga hérlendis. Hafnarfjörður varð annar helsti verslunarstaður Englendinga á Íslandi fram yfir 1480 (hinn staðurinn var Rif á Snæfellsnesi). Í kringum árið 1468 hófu þýskir kaupmenn að versla á Íslandi. Þessir kaupmenn nefndust Hansakaupmenn því þeir tilheyrðu stóru verslunarsambandi sem nefnt var Hansasambandið og var stýrt af þýsk-austurrískum kaupmönnum og aðli. Árið 1471 kom fyrsta Hansaskipið til Hafnarfjarðar. Helstu hafnarborgir í Þýskalandi sem þýsku skipin komu frá voru Lýbika, Hamburg og Brim.



Það ríkti strax ófriður milli þýskra kaupmanna og Englendinga sem keyptu vörur hér. Sló oft í brýnu og kom jafnvel til bardaga. Í söguannálum er m.a. getið um bardaga í Hafnarfirði milli enskra og þýskra sjómanna frá Hamburg um 1518. Er talið að það hafi gerst á stað sem nú heitir Jófríðarstaðir en hafi áður verið nefndur Ófriðarstaðir og nafngiftin sé

dregin af bardaganum. Smám saman náðu Þjóðverjar yfirhöndinni í baráttunni um kaupin á íslenska fiskinum. Það stafaði m.a af því að þeir voru vinsælli en Englendingar sem áttu það til að stela fiski af Íslendingum og sýna hroka í viðskiptum. Sömuleiðis stálust Englendingar til að veiða fisk við Ísland en það gerðu Þjóðverjar ekki í upphafi. Auk þess buðu Þjóðverjar ódýrari varning í skiptum fyrir fiskinn.



Á 16. öld náðu þýskir Hansakaupmenn yfirhönd á viðskiptum á Íslandi af Englendingum og Hafnarfjörður varð helsta höfn Íslands. Hafnarfjarðar er víða getið í erlendum heimildum þess tíma. Það skipti miklu máli að hafa góðar hafnir og þar var Hafnarfjörður einstaklega vel staðsettur með góð hafnarskilyrði. Þjóðverjar reistu fyrstu lúthersku kirkjuna á Íslandi, sem fyrst er getið um í heimildum árið 1537 (en Íslendingar tóku ekki sjálfir upp lútherskan sið fyrr en 1551), og var hún við höfnina í Hafnarfirði. Henni þjónuðu þýskir prestar. Minnismerki um kirkjuna er við höfnina í dag.



Smám saman jukust áhrif Þjóðverja og þeir hófu útgerð á Íslandi en við slíkt hafði konungurinn yfir Íslandi, Danakonungur, lagt blátt bann við. Mikil óvild



skapaðist því milli Þjóðverja og Dana fyrir vikið. Danir vildu þá ná yfirhönd á verslun á Íslandi. Til að byrja með fór danski konungurinn að selja aðgang að höfnum landsins til erlendra kaupmanna. Árið 1602 urðu svo tímamót í versluninni þegar konungur setti einokun á viðskipti á Íslandi og eingöngu Danir máttu standa fyrir þeim. Hansakaupmenn urðu að hætta viðskiptum á Íslandi í kjölfarið og lýkur þá um leið sögu þeirra á Íslandi.



Hafnarfjörður var áfram mesta viðskiptahöfn og verslunarstaður landsins fram á 18. öld. Árið 1736 var lagt til að stofnaðir yrðu fyrstu kaupstaðir á Íslandi og var Hafnarfjörður nefndur sem einn möguleiki af fimm og skyldi jafnframt vera höfuðstaður landsins. Úr því varð þó ekki. Verslun færðist smám saman meira til Reykjavíkur sem síðar varð helsti viðskiptabær landsins og verslunarhöfn. Það var staðfest með því að Reykjavík varð kaupstaður og höfuðborg Íslands árið 1786 en ekki Hafnarfjörður. Verslun og hafnarstarfsemi hefur haldið áfram í Hafnarfirði allt til dagsins í dag.



Árið 2005 gekk Hafnarfjörður í samtök 169 borga um allan heim sem allar tengdust viðskiptum Hansakaupmanna fyrr á öldum. Að því tilefni hefjast Hansadagar í Hafnarfirði í fyrsta skipti í ár en þeir standa frá 21. - 23. október. Þeir verða formlega settir föstudaginn 21. október kl. 16.30 í verslunarmiðstöðinni Firði. Forseti Íslands setur hátíðina.